

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

MAÍ 2020

Öll lyf á
lágmarksverði
og samheitalyf
líka!



5. tbl. 27. árg.



Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:

Mán: 10-16

Pri-fös: 10-18

Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is



Búseti er að byggja 72 íbúðir við Árskóga 5 og 7 í Breiðholti. Íbúðirnar verða í tveimur byggingum alls 26 stúdíóíbúðir, 14 tveggja herbergja íbúðir og 32 þriggja herbergja íbúðir. Íbúðirnar verða kynntar í haust og að því loknu hefst sala íbúaréttar. Gert er ráð fyrir að þær verði tilbúnar til afhendingar að ári eða um mitt næst ár. Á myndinni má sjá hvernig aðkoma að húsunum mun líta út þegar þau eru fullbúin. Nánar er fjallað um málið á bls. 12.

- bls. 4-5
Viðtal við
Önnu Margréti
Sigurðardóttur

PIZZUR MÁNADARINS

TRÍÓ

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.790 KR.

ADEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MED APPINU, GREIDIR FYRIRFRAM OG SÆKIR



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. *Heyrumst* **510 7900**

LIND

FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ BREIÐHOLTID

OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Opíð alla hvítasunnuhelgina 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

5. tbl. 27. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Öðruvísi vor

Ávordögum vaknar gróðurinn til lífsins. Jörðin tekur við sér. Garðarnir grænka og landið fær sumarlegan lit. Að öllu jöfnu færast einnig vor yfir mannlífið. Útivist eykst og viðburðum fjölga.

Að þessu sinni kemur vorið með öðrum hætti en venjulega. Náttúran grænkar af hækandi hitastigi en vorföng mannlífsins verða önnur. Þar kemur til heimsfaraldur coronaveiru sem gengið hefur yfir veröldina og enn sér ekki fyrir endann á.

Bærilega hefur tekist að mæta þessum ófögnuði hér á landi. Einkum vegna fámennis þjóðarinnar, öfluglu heilbrigðiskerfi, Íslenskri erfðagreiningu og að ráðamenn hafa látið fagfólki heilbrigðismála eftir að leiða baráttuna. Hún er þó ekki unnin. Vegna þess ber að fara fram með gát.

Veirufaraldurinn hefur sett mark á atvinnu- og mannlíf. Mörgum fyrirtækjum og starfsstöðvum hefur þurft að loka. Bæði um tíma og lengd. Enginn sér enn hvernig þeim leik líkur. Einkum hefur hin unga atvinnugrein ferðaþjónustan liðið þegar ferðalög hafa nánast lagst af. Alla vega um tíma.

Þegar Breiðhyltingar og aðrir landsmenn ganga út í vorið að þessu sinni mætir þeim annað umhverfi en þeir hafa vanist hingað til. Færra er í boði. Erfiðara að eiga mannamót og áhrifin á atvinnulífið hvergi horfin.

Enginn veit enn með vissu hvernig upprisan verður. En þessir örlagaríku viðburðir minna þá á þá staðreynd að varasamt er að leggja of mörg egg í sömu körfu. Fjölbreytni atvinnumála er undirstaða þess ásamt öfluglu heilbrigðiskerfi til að mæta slíkri vá sem steðjað hefur að.

Áfram unnið við torgin í Mjóddinni

- gróður og lýsing mun einkenna þann hluta sem vinna á við í sumar



Torgið á milli Sambíóanna og Landsbankans verður endurgert í sumar.

Haldið verður áfram að fegra útivistar- og torgsvæðin í Mjódd í sumar. Torgið sem unnið verður við í sumar er á milli Sambíóanna, Landsbankans og Þangbakka 10. um er að ræða annan áfanga af þremur á þessum torgsvæðum í Mjóddinni.

Torgið mun taka miklum breytingum. Þar verða settir upp bekkir til að setjast niður í sólinni. Áhersla verður lögð á aukinn gróður og grassvæði.

Skemmtileg lýsing verður sett upp sem bæði eykur á öryggi fólks og lífgar upp á svæðið. Hjólabogar verða settir upp til að mæta þörfum hjólandi vegfarenda. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 50 milljónir króna. Hönnunarvinna við þriðja áfanga stendur nú yfir. Fyrsti áfangi, torgið fyrir framan Breiðholtskirkju, á milli kirkjunnar og Þangbakka 8 til 10 er að verða tilbúið.

Elínros skólastjóri Ölduselsskóla

Elínros Benediktsdóttir hefur verið ráðinn skólastjóri Ölduselsskóla. Elínros hefur starfað við Ölduselsskóla um langa hríð og sinnt skólastjórn frá liðnu hausti.

Hún lauk B.Ed. prófi árið 2001 og M.A. námi í mannauðs-stjórnun árið 2016. Rætt var

við Elínrosu í desemberblaði Breiðholtsblaðsins á liðnu ári. Um það bil 510 nemendur stunda nám við skólann og starfsmenn eru er um 80 talsins.

Elínros Benediktsdóttir skólastjóri.



Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- ✿ mikið úrval trjáa og runna, fjölargra plantna og harðgerra sumarblóma
- ✿ plönturnar í matjurtagarðinn
- ✿ mold, áburð, ker og potta
- ✿ góða þjónustu og faglega ráðgjöf



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Næg bílastæði

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.



**GARÐS
APÓTEK**
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



STAFRÆN HÖNNUN

Tveggja ára diplómanám með mikla starfsmöguleika!
Nánar á tskoli.is

— TÖLVULEIKJAGERÐ

— 3D-VINNSLA

— TÆKNIBRELLUR

— TEIKNIMYNDAGERÐ

VIÐTALIÐ

Mikill hugur í stelpunum

- segir Anna Margrét Sigurðardóttir Breiðhýltingur, ÍR-ingur og harður stuðningsmaður kvennaboltans

Nokkurt uppnám varð í Breiðholtinu þegar ákveðið var að leggja kvennalið ÍR niður. Í lok mars ákvað handknattleiksdeildin að senda kvennaliðið ekki til keppni á næstu leiktíð vegna fjárhagsstöðu félagsins. Leikmenn kvennaliðs ÍR voru ekki hafðir með í ráðum þegar þessi ákvörðun var tekin. Bikarmeistarar Fram buðust til að mæta ÍR í Breiðholtinu í fjárfunarleik til þess að halda lífi í liðinu. Í tilkynningu Framara kom fram að í þessu erfiða árferði sem nú gengur yfir berist dapurlegar fréttir frá félögum í Breiðholtinu. "Við í Fram höfum skilning á því að það er kostnaðarsamt að reka handboltalið á Ísland og ekki auðvelt að ná í tekjur til að standa straum af kostnaði. En við teljum að kvennaboltinn á Íslandi megi alls ekki við því að missa fleiri félög úr deildarkeppninni," sagði í tilkynningunni frá Fram.

Sá þrýstingur sem kom fram varð til þess að hætt var við að taka kvennaliðið úr keppni og hefur ÍR ráðið Finnþoga Gréttar Sigurbjörnsson sem þjálfara liðsins. Í yfirlýsingu frá ÍR segir meðal annars að ljóst sé að mikill kraftur hafi vaknað í Breiðholti eftir að tilkynnt var um að leggja ætti flokkinn niður og fjöldi fólks lýst sig reiðubúið til að aðstoða við endurreisn kvennastarfsins. Ætlunin sé að byggja upp meistaraflokk á þeim ungu og efnilegum leikmönnum sem félagið hefur yfir að ráða. Anna Margrét Sigurðardóttir hefur leikið handbolta frá unga aldri og er einnig einn af ötulustu stuðningsmönnum boltans í ÍR. Hún spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

Varð öskureið

"Ég varð öskureið þegar þessi ákvörðun var tekin," segir Anna Margrét þegar hún var sest niður með Breiðholtsblaðinu

á Gamla Kaffihúsinu við Drafnarfell í Efra Breiðholti. Ég varð því ákaflega ánægð að finna þann mikla stuðning sem handboltastelpurnar fengu í Breiðholtinu eftir þessa ákvörðun stjórnar ÍR. Ég taldi það strax misráðið að leggja kvennaboltann niður en halda karlaboltanum sem er mun dýrari. Nú er búið að ákveða að stofna meistaraflokk kvenna í handboltanum hjá ÍR. Í meistaraflokksráðinu eru foreldrar sex barna og þar að auki eru fimm nefndir að störfum. Því eru um 30 manns komin til þess að starfa fyrir kvennaboltann og sex eru í stjórn. Aldrei hafa svo margir komið að þessu verkefni áður. Við höfum aldrei verið með svo marga bakhjarla. Þetta er magnað og við vonum að við getum haldið þessu gangandi. Við erum með konu sem formann ÍR og þetta afl er farið af stað. Ég held að kvennaboltinn sé kominn til þess að vera Vona að meistaraflokkur kvenna hjá ÍR nái sem lengst. Þið sem viljið og getið hjálpað okkur að halda kvennaboltanum gangandi í Breiðholti væri æðislegt ef þið gætuð styrkt þetta verkefni og lagt inn á reikning sem kvennaboltinn er með á hjá ÍR."

Spila enn í utandeildinni

Anna Margrét er Breiðhýltingur í húð og hár eins og hún kemst sjálf að orði. Ég ólst upp við Skriðustekki frá því ég var níu ára og átti áður heima við Ferjubakka. Við vorum kölluð Stekkjarbörnin. Við vorum ekki mörg á þessum tíma. Fyrsta bylgjan var gengin yfir. Börn frumbyggjanna voru flest komin á ungdómsár. Þeir krakkar sem enn voru á barnsaldri voru flest eldri en ég. Bróðir minn var þá fjögurra ára og hann átti engan jafnaldr í hverfinu. Leið mín lá í Breiðholtsskóla og síðan byrjaði ég í kvennahandboltanum hjá ÍR. Ég er búin að spila handbolta síðan ég var 11 ára gömul og er enn að spila í utandeildinni. Það er verið að pressa á mig að taka



Anna Margrét Sigurðardóttir.

alla vega eitt ár í viðbót þótt ég sé farinn að finna mun á mér. Maður er orðinn þyngri á sér og ekki eins snöggur en þetta er gott bæði fyrir líkamann og sálina. Ég hef líka komið að þjálfun handboltastelpna og áhugann skortir ekki. Stundum heldur maður sig vera yngir en maður er. En hugurinn fer með mann langt þótt líkaminn fylgir ekki alveg á eftir eins og hann gerði á ungdómsárnum. Maður er ekki lengur tvítugur."

Varð ekki innlyksa á Spáni

Skólaganga Önnu Margrétar

einkenndist af íþróttahuga hennar. "Ég fór á íþróttabrautina í FB. Eftir FB tók ég pásu sem stendur enn. Ég flutti um tíma til Spánar þar sem ég var með handboltahóp. Mér fannst yndislegt að vera á Spáni. Veðrið og verðlagið snertu mig mest. Það er eiginlega alltaf gott veður og ég skil vel eldra fólk sem kys að flytja þangað til að eyða efri árunum. Þar verður líka meira úr fjárfunum fólks. Mun ódýrara að lífa. Vandinn fyrir okkur er ef til vill að fæstir Íslendingar einkum eldra fólk talar ekki spænsku að neinu ráði og Spánverjar eru ekki góðir í ensku eða ef til vill ekki viljugir að tala hana. Yngra

Ég taldi það strax misráðið að leggja kvennaboltann niður en halda karlaboltanum sem er mun dýrari. Nú er búið að ákveða að stofna meistaraflokk kvenna í handboltanum hjá ÍR. Í meistaraflokksráðinu eru foreldrar sex barna og þar að auki eru fimm nefndir að störfum.

fólk er þó meira farið að leggja spænsku fyrir sig en til dæmis þýsku sem var algengasta þriðja málið í framhaldsskólakerfinu hér. Spænskan er mun praktískari þar sem hún er töluð mun víðar en þýska. En hvað sem því líður þá ákvað ég að koma aftur heim til Íslands."

Fylgi börnunum ef þau fara til íþróttaiðkanda

Anna Margrét segist ekki vita hvort hún eigi eftir að flytja aftur til Spánar en trúlega eigi hún eftir að fylgja börnum sínum fari þau til íþróttaiðkana erlendis. Og þau eru byrjuð að þreyfa fyrir sér ef svo má segja. Fyrr á þessu ári fór 15 ára gamall sonur hennar Huldar Einar Lárússon til Redding til reynslu. "Huldar er alinn upp í ÍR eins og hann á kyn til en skipti yfir í Víking í september 2019 og spilar þar bæði með öðrum og þriðja flokki og æfir með U15 ára landsliði Íslands. Hann fór til Redding í febrúar þar sem hann dvaldi í eina viku til reynslu og við æfinga. Hann vakti mikla athygli á síðast liðnu sumri þegar hann skoraði samanlagt 60 mörk á Íslands- og Reykjavíkurmótunum

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Tekið á í handboltanum. Nú skal hann í markið.

og var í kjölfarið valinn í Reykjavíkúrvalið sem hann fór með til Svíþjóðar." Anna Margrét segist fastlega búast við hann eigi eftir að leita fyrir sér erlendis en fyrst þurfi hann að klára framhaldsskólann hér heima. Hann hefur stefnt á að ná lengra í fótboltanum síðustu tvö árin eða frá því að hann var 13 ára gamall. Vinkona mín komst þannig að orði um hann að hann væri ekki aðeins með fulla einbeitingu á fótboltavellinum heldur líka að rækta þurfi sjálfan sig sem og aðra í kringum sig hvort sem um er að ræða liðsfélaga, vini eða fjölskylduna sem á stóran stað

í hjarta hans. Yngri strákar hafa verið að leita til hans til að fá ráð og vita hvað var það sem að gerði hann áberandi góðann.

Vil gjarnan fara aftur að versla

Anna Margrét hefur staði að ýmsu sem flokka mætti til góðagerðarmála. "Ég er svo aumingjagóð," segir hún og hlær. "Mér finnst ég þurfa að léttu undir ef ég get komið að liði. Börnin mín segja ég þurfi ekki að hjálpa öllum. Ég hef verið að gefa fatnað af mínum börnum. Þau vaxa upp úr fótum sem oft eru að mestu



Anna Margrét við foss í Elliðaárdalnum. "Ég nýti dalinn nánast á hverjum degi. Ég er þeirrar skoðunar að leyfa honum að vera eins og hann er með sinni náttúru.

óslitin og þá er bara aðillegt að önnur börn fái að njóta þeirra. Ég þekki nokkuð til barnafatnaðar því ég rak sjálf barnafataverslun um tíma. Verslunin var í Faxafeni og mig Breiðhýltinginn langaði til þess að opna í Mjóddinni. Ég var of rög við það og kannski hefði ég farið á hausinn með tvær verslanir. Það er talsvert meiri kostnaður við að halda tveimur verslunum opnum en einni. Mig langar til að fara aftur

í verslanarekstur. Veit samt ekki hvort af því verður. Yngri sonur minn spyr mig stundum hvenær ég ætli aftur að opna búðina. Okkur vantar svona verslun í hverfið. En ég verð aðeins að sjá til með það. Það fer svolítið eftir því hvort ég þarf að elta eldri soninn út í heim. Hann er fullur áhuga á að fara í atvinnumennsku og ef hann fer mjög ungur myndi ég ekki þora að sleppa honum einum."

Alltaf jafn ánægð í Breiðholtinu

"Já – ég er alltaf jafn ánægð í Breiðholtinu," heldur Anna Margrét áfram. "Það er dásamlegt að búa hér fast við Elliðaárdalinn. Ég nýti dalinn nánast á hverjum degi. Ég er þeirrar skoðunar að leyfa honum að vera eins og hann er með sinni náttúru. Ég var í unglingavinnunni á sínum tíma og var þá meðal annars að gróðursetja tré í Elliðaárdal. Ég er alin upp við þessa náttúru rétt við bæjardyrnar og sé ekki fyrir mér að farið verði út í neinar risa framkvæmdir þar. Ég sé heldur ekki hvernig hægt yrði að reka svo mikil mannvirki sem hugmyndir hafa komið fram um. Eins og staðan er í dag vitum við ekki hvernig ferðabjónustan þróast þegar veirufaraldrinum lýkur. Hvort hún fer í svipað far eða verður með breyttu sniði. Ég hef heyrt því skotið fram að aðgangseyrir að gróðurhvelvingu eins og rætt hefur verið um þyrfti að vera mjög há. Ef við fimm manna fjölskyldan færum myndi kostnaðurinn hlaupa á tugum þúsunda. Ég sé ekki fyrir mér að Íslendingar myndu fjölmenna fyrir þá upphæð til þess að skoða pálmatré. Þetta passar að mínu mati ekki inn í Elliðaárdalinn og ég fæ ekki séð að það gæti orðið rekstrarfært."

Vona að meistaraflokkur nái sem lengst

"Núna bíð ég spennt eftir því að kvennabotinn fari af stað hjá ÍR. Ég veit að mikill hugur er í stelpunum og baklandið er tilbúið til að gera sitt besta. Ég el þá von með mér að meistaraflokkur nái sem lengst og veit að ég deili þeirri von með mörgum."

MIKLABORG

- | | | | | | | | | | |
|--|---|---|---|---|--|---|---|--|--|
| 
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar | 
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520 | 
Ólafur Finnogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307 | 
Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024 | 
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856 | 
Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181 | 
Pórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000 | 
Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120 | 
Pröstur Þórhalls
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634 | 
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958 |
| 
Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272 | 
Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178 | 
Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300 | 
Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515 | 
Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929 | 
Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700 | 
Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500 | 
Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur fasteignasali | 
Harpa Rún Glád
hdl. og löggiltur fasteignasali | |



Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Félagsstarfið hefur opnað aftur



Frá tölvunámskeiði í félagsstarfinu í Gerðubergi.

Félagsstarfið í Gerðubergi hefur opnað aftur eftir langa bið og voru það konurnar í þrónakaffinu sem voru fyrstu gestirnir. Allir eru velkomnir en fólk þarf að skrá sig fyrirfram vegna fjöldatakmakana og passa að hafa tvo metra á milli sín. Salirnir eru mismunandi en þeir stærstu leyfa 20 manns í sama rými. Rými fyrir trútskurð og myndlist leyfa aðeins sjö manns í einu.

Ef þú lesandi góður hefur áhuga að koma í félagsstarfið getur þú hringt í Helgu Ben. umsjónarkonu félagsstarfsins og skráð komu þína í síma 664-4011.

Leikfimi Helgu er ennþá á netinu eins og síðustu mánuð á facebook síðu félagsstarfsins í Gerðubergi og verða myndböndin áfram þar inni. Hægt er að skrá sig í leikfimi í sal í síma 664 4011. Frá því að opnaði hafa verið skipulagðar göngur um hverfið klukkan eitt mánudaga til miðvikudaga ásamt því að gönguhópurinn hittist á föstudögum klukkan tíu. Helga kveðst mæla með að fólk fylgist vel með á facebook til að sjá hvaða dagskrá verður í sumar en til að finna facebookar síðuna þarf að skrifa www.facebook.com/gerduber111 ekki þarf að vera með facebook aðgang til að skoða síðuna.

Reykjanesbraut og Bústaðavegur

Unnið að nýrri útfærslu gatnamóta



Þessi teikning Vegagerðarinnar sýnir mislæg gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar með brú.

Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar eru enn komin á dagskrá. Málið hefur lengi verið umdeilt. Vegagerðin hefur talið nauðsyn á mislægum gatnamótum líkt og við Stekkjarbakka og Breiðholtsbraut og íbúasamtökin Betra Breiðholt ályktuðu í svipaða veru á sínum tíma. Einnig hefur verið talið að svo viðamiklar framkvæmdir gætu spillt Elliðaánum.

Nú er verkefnahópur á vegum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar að vinna greiningar og útfærslu á umræddum gatnamótum. Samkvæmt samgöngusáttmála ríkis og Reykjavíkurborgar á ný hin nýja Borgarlína aka frá Mjódd að Vogabyggð. Því þarf að finna línu sem verður ótrufluð af vinstri beygjum.

Forsaga málsins er að undirbúningur að gerð mislægra gatnamóta var vel á veg komin á árinu 2006. Embætti borgarverfræðings og Vegagerðina unnu að þeim undirbúningi. Tvær megin tillögur voru lagðar fyrir borgarráð. Önnur gerði ráð fyrir undirgöngum undir Reykjanesbraut en hin

brú yfir brautina. Tillagan um undirgöng gerði ráð fyrir örlytlum breytingum á vestari farvegi Elliðaána en hin engum breytingum á ánum. Borgarráð hafnaði báðum þessum tillögum en óskaði eftir lagfæringu án þess að fara yri yfir eða undir Reykjanesbrautina.

Við undirbúning aðalskipulags Reykjavíkur 2010 til 2030 komu fram tillögur um að hætt yrði við mislæg gatnamót á þessum stað. Vegagerðin mótmælti með tilvísun þágildandi í svæðisskipulag þeim hugmyndum, sem varð til þess að möguleikanum er haldið opnum og vísað til endurskoðunar svæðisskipulags.

Ekkert hefur orðið af neinum lagfæringu annað en vinstri beygjur voru bannaðar á miklum álagstímum í umferðinni. Vegagerðin telur núverandi gatnamót skapa vanda. Miklar tafir verði á umferð á álagstímum og slysaþetta sé umtalsverð. Óljóst er með hvað hætti umferðarflæði og auki öryggi verður tryggt á þessum gatnamótum en tillagna vinnuhópsins er beðið.

Gledilegt veidisumar!



www.veidikortid.is

Fæst hjá N1 - OLÍF og veiðiverslunum

Sigríður Fanney stýrir Hraunborg

Sigríður Fanney Pálsdóttir er nýr leikskólastjóri í Hraunborg. Hún tekur við af Guðnýju S. Hallgrímsdóttur 1. júlí næstkomandi. Sigríður lauk BS í leikskólafræði frá Háskóla Íslands 1998 og MBA námi frá Háskóla Íslands 2014. Sigríður hefur starfað sem deildarstjóri í leikskóla í tólf ár, atferlisþjálfari í eitt ár og aðstoðareikskólastjóri sl. þrjú ár.

Fimm sóttum um stöðu leikskólastjóra við Hraunborg. Þau

eru; Hjörtur Harðarson, Jasmín Guðrún Hafþórsdóttir, Mjöll Helga-dóttir Thoroddsen, Selma María Jónsdóttir og Sigríður Fanney Pálsdóttir. Skólinn tók til starfa haustið 1984. Hann stendur við Hraunberg í Efra- Breiðholti í jaðri Elliðaárdals. Leikskólinn er þriggja deilda og þar dvelja 65 börn samtímis. Ráðið verður í stöðuna frá 1. júlí næstkomandi.



Sigríður Fanney Pálsdóttir.

www.breiðholt.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.

BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.

Iðnaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagördum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Seljahverfi í Breiðholti

- byggt á skipulagi þar sem þarfir manneskjunnar voru hafðar í fyrirrími

Seljahverfi er yngsta Breiðholtshverfanna. Bygging þess hófst um 1972 og var að mestu lokið á einum áratugi. Ekki var gert ráð fyrir húsnæði af félagslegum toga líkt og hinum Breiðholtshverfunum en lögð áhersla á fjölbreytta byggð. Með Seljahverfinu kom nýr stíll í byggingu íbúðahverfa. Byggingin var þéttari. Umferð var takmörkuð og áhersla lögð á auðveldan samgang íbúanna. Fyrsta fólkið til að reisa sér hús í Seljahverfi voru hjónin Hrefna Ásmundsdóttir og Gissur Þorvaldsson, foreldrar Þorvaldar Gissurarsonar byggingameistara og verktaka. Þau tóku fyrstu skóflustunguna að húsi sínu við Akrasel 7 og raunar þessu nýja hverfi á haustdögum 1973. Í fyrstu stóð þetta hús stakt í brekkunni og var þá stundum nefnt "Húsið á sléttunni" eftir vinsælum bandarískum sjónvarpsþætti. Húsið stóð þó ekki lengi einsamalt því húsum fjölgaði fljótt og hverfið byggist hratt eins og aðrir hlutar Breiðholtsins.

var að fá tilvonandi íbúa til að taka þátt í mótun skipulagsins. Slíka tilraunareiti er að finna við göturnar Kögursel, Kambasel, Hálsasel og Heiðarsel. Þar er einbýlishúsum komið fyrir í þéttum þyrpingum með sameiginlegu leiksvæði á milli húsa auk þess sem hvert hús á sína einkalóð. Íbúarnir fengu að vera með í ráðum um skipulagið sem hefur elst vel.

Allt frá litlum íbúðum í stór einbýli

Þau Guðrún og Knútur lögðu áherslu á að ná fram fjölbreytni og skapa aðstæður fyrir margar gerðir af íbúðarhúsnæði. Finna má allt frá litlum fjölbýlishúsaíbúðum upp í einhver stærstu einbýlishús í Reykjavík í Seljahverfi. Hugsunin á bak við þessa fjölbreytni var að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Einnig var litið til þess að fjölskyldur þyrftu ekki að flytja úr hverfinu þótt þær stækkuðu

Fyrsta húsið í hverfinu

Guðrún Jónsdóttir og Knútur Jeppesen arkitektar skipulögðu Seljahverfið. Þessa þriðju byggð í Breiðholti. Í upphafi var gert ráð fyrir að eingöngu risu einbýlishús og raðhús í Seljahverfinu. Var það hugsað sem mótvægi við hin hverfin tvö þar sem áhersla var lögð á fjölbýli. Síðar var ákveðið að byggja einnig minni fjölbýlishús í Seljunum. Áhugi hafði komið frá minni byggingarfyrirtækjum um að reistar yrðu slíkar byggðir. Fyrirtækjum sem ekki höfðu aðstöðu til þess að ráðast í stórar byggingar á borð við þær sem risið höfðu í Efra Breiðholti. Var fjölbýlishúsabygginginni valinn staður á Fálkahól en það svæði hafði verið talið óbygglegt sökum hæðar yfir sjávarmáli þótt annað hafi komið í ljós. Eitt sinn mun Guðrún hafa komist svo að orði um skipulagið á Fálkahólnum væri eins og rós. Þakbyggingar voru skipulagðar á þann hátt að úr lofti mynduðu þær einskonar mynstur.

Þyrpingar og útírými

Ein af áherslum við skipulag Seljahverfisins var að draga úr umferð um íbúðabyggðir og miða hana sem mest við ferðir til og frá hýbýlum fólks. Einnig var gætt að því að byggingar féllu vel að landslaginu og hús vörpuðu sem minnstum skugga. Áhersla var lögð á þetta byggð. Þéttari en áður hafði tíðkast. Húsum var skipt í þyrpingar og einnig útírými þar sem kröfum um aðgang að garði fyrir hverja og eina íbúð var mætt að einhverju leyti. Ein nýjung í mótum Seljahverfisins

Margir byggðu hús sín sjálfir í Seljahverfi eins og tíðkaðist á þeim tíma. Svo var um frumbyggjana Hrefnu Ásmundsdóttir og Gissur Þorvaldsson. Þau sögðu byggingarsögu sína í spjalli við Breiðholtsblaðið fyrir nokkrum árum en Gissur er nú látinn. "Við erum frumbyggjar í Seljahverfinu. Tókum fyrstu skóflustunguna að húsinu okkar í september 1973 og ætlunin var að gera það fokhelt eftir áramótin 1974. En þá kom nokkuð langur frostakafli sem stóð í einar sex vikur og ekkert var hægt að steypa. Því fóru öll verk í bið, við byrjuðum aftur strax og þiðnaði upp úr miðjum mars og efri hæðin kom fljótlega. Vegna tafarinnar urðum við að vinna nokkuð rösklega að þessu en tókst þó að flytja inn í húsið í júlí tæpu ári eftir að fyrsta skóflan fór ofan í moldina. Auðvitað fluttum við inn í allt hrátt. Varla komin eldhúsinnrétting og tæpast það. En við létum okkur hafa það. Það voru ekki mikla peninga að hafa á þessum tíma og ef maður fór í banka til þess að fá lánað fé varð alltaf að biðja um helmingi hærri upphæð heldur en komast átti af með því bankarnir deildu alltaf í með tveimur. Lásupphæðir voru jafnan skornar niður um helming. Maður reyndi því að leggja einhverja peninga inn eins víða og maður gat til að sýna viðskipti og fór svo til að biðja um lán."

Skipulögðu þrjár lóðir saman

Sigtryggur R. Eyþórsson kenndur við heildverslunina XCO



Breiðholtsbærinn stóð neðst í Seljahverfinu. Gróðrarstöðin Alaska var lengi til húsa í gamla Breiðholtfjósínu.

sem hann stofnaði með fleirum og hefur rekið í áratugi byggði við hliðina á Gissuri og Hrefnu. Hann flutti inn ásamt fjölskyldu sinni í nýtt hús vorið 1976. Hann sagði frá því í viðtali við Breiðholtsblaðið að þrjár fjölskyldur, sem byggt höfðu hlið við hlið hafi ákveðið að skipuleggja lóðirnar saman. Það var fjölskylda Gissurar Þorvaldssonar sem byggt hafði á númer sjö, hans fjölskylda á númer níu og Vigfús Björnsson, bakameistari, sem þá var annar af eigendum Breiðholtsbakarís og byggt hafði á númer 11. "Við fengum garðyrkjumeistara til þess að vinna þetta skipulag þannig að lóðirnar mynduðu eina heild. Við settum ekki upp neinar girðingar eða hekk til þess að aðskilja þær þannig að þær voru eins og einn garður. Þetta heppnaðist mjög vel og skapaði grundvöll fyrir góð samskipti og mikinn samgang við nágretta okkar." Þess má geta að Sigtryggur og Þorbjörg Guðmundsdóttir kona hans munu vera einu frumbýlingarnir við þessa af fyrstu götum í Seljahverfi sem búa enn í húsi sínu frá árinu 1976 eða í 44 ár samfleytt.

Almenn samstaða um að rækta

Þegar Seljahverfið var byggt var hluti þess í landi Kópavogsbæjar. Þau mál voru síðan leyst með makaskiptum við Kópavogsbæ og varð Reykjavíkurborg að láta af hendi land ofan Blesgrófar. Þessi Kópavogsættaða byggð sem stundum er kölluð Þ-selin vegna þess að flest götuheitin byrja á bókstafnum þ er vestan Skógarsels. Guðjón Þorkelsson var einn hinna um fjörutíu aðila sem fékk lóð og byggði hús í þeim hluta hverfisins. Hann spjallaði við Breiðholtsblaðið fyrir nokkrum árum. „Þetta fór mjög vel af stað. Þarna var mói þar sem krakkar höfðu leikið sér en þegar ákveðið var að úthluta því sem byggingarlandi og hefja húsbyggingar þá byggðist þetta upp á met tíma í samburði við hvernig áraði því ýmsir erfiðleikar voru í samfélaginu eins og bæði fyrr og síðar. Svo fóru menn að ganga frá umhverfinu, lóðunum og rækta. Þessi byggð stendur einna lægst í Breiðholtinu og ekkert stóð á að fá gróðurinn til þess að koma upp. Ég held líka að sú almenna samstaða sem var í hverfinu um að rækta og fegra umhverfið hafi fljótt farið að skila sér. Hér



Hrefna Ásmundsdóttir og Gissur Þorvaldsson voru frumbýlingar í Seljahverfi. Þau tóku fyrstu skóflustunguna að húsi sínu við Akrasel 7 og raunar þessu nýja hverfi á haustdögum 1973 og voru flutt inn um ári síðar. Gissur er látinn fyrir nokkru og húsið komið í annara eigu.



Fyrir nokkrum árum var efnt til viðamikillar hreinsunar í miðbæ Seljahverfisins. Hér eru sjálfboðaliðar að hreinsa tjörnina á góðviðrisdegi.

byggði hver sitt hús og stýrði framkvæmdum sínum sjálfur. Ég er þess fullviss að það átti sinn þátt hversu fljótt íbúarnir tóku til við umhverfismálin."

Þarfir manneskjunnar

Skipulag hverfisins á án efa þátt í hversu gróðurvænt það er. Breiðholtinu var ekki spáð mikilli gróðursæld í byrjun. Það var talið standa of hátt yfir sjávarmáli til þess að trjágróður næði að þroskast. Reyndin varð öll önnur. Seljahverfið er ein

gróðursælasta byggð Reykjavíkur. Líkt og Bakkahverfið og Fella og Hólahverfið þó einkum Fellaahverfið væru nýjungar í byggingarsögu Reykjavíkur má segja að Seljahverfið sé það ekki síður. Það var hannað og byggt til þess að mæta fjölbreyttari þörfum en hin og auka breidd byggðar og mannlífs í Breiðholti. Með byggingu þess hófst að segja má nýr kafli í skipulagi íbúðabygginga. Skipulag þar sem þarfir manneskjunnar voru hafðar í fyrirrími.



Ákveðið var að miðja eða miðbær Seljahverfisins yrði í dalverpinu þar sem tjörnin er. Hjúkrunarheimilið stendur tígulegt og speglast í tjörninni á góðviðrisdögum.

NÚ ER BOLTINN FARINN AÐ RÚLLA AFTUR

FYLGSTU MEÐ DAGSKRÁNNI Á [FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN](https://www.facebook.com/keiluhollin)

– OPNUNARTÍMAR KEILUHALLARINNAR MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR –

MÁN-MIÐ: 17-21 FIM&FÖS: 17-23 LAU: 13-23 SUN: 13-21

FIM. 28. MAÍ
FIM. 18. JÚNÍ
KL. 21:00

DR. FOOTBALL

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23

HJÖBB QUIZ

STÓRSKEMMILEGT FÓTBOLTA-
QUIZ HJÖRVARS HAFLIÐA

Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is



PÖBB QUIZ MEÐ HELGA' & HJÁLARI



FIM. 4. JÚNÍ
KL. 21:00

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23

Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is

FIM. 11. & 25. JÚNÍ KL. 21:00

PÖBB QUIZ

NEI, HÆTTU NÚ ALVEG

VILLI NAGLBÍTUR

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23

Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is



LAU. 26. JÚNÍ

BREKKUSÖNGUR

SVERRIR BERGMANN & HALLDÓR FJALLABROD

FRÍTT
INN

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23



BOLTATILBOÐ Í GANGI Á ÖLLUM LEIKJUM Í BEINNI

12" PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM 1.990 KR. EDLAN MEÐ NACHOS 1.890 KR. BONELESS WINGS 10-12 STK. (FER EFTIR STÆRD) 2.490 KR. KJÚKLINGA/VÆNGIR 20 STK. KRISPÝ EDA HEFDBUNDNIR 2.490 KR. STÓR Á KRANA 990 KR. GOS MEÐ ÁFYLLINGU 290 KR.

NÚ GETUR ÞÚ BÓKAÐ BRAUT Á NETINU
[keiluhollin.is](https://www.keiluhollin.is)

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

Olíumengun skammt frá bakka Elliðaána



Unnið að því að koma mengaða jarðveginum burt.

Töluvert magn af olíumenguðum jarðvegi fannst þegar verktafi á vegum Veitna var við framkvæmdir í Elliðaárdal á dögnum. Unnið var við að endurnýja stofnlagnir hitaveitu og vatnsveitu og leggja nýja háspennustrengi. Hratt var brugðist við og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kallað á staðinn. Stangaveiðifélagi Reykjavíkur var gert viðvart um fundinn og einnig Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnun.

Flytja þurfti um 30 bílfarma af menguðum jarðvegi í burtu. Farið var með hann í Álfnes sem er eini staðurinn þar sem hægt var að koma honum fyrir. Engin sérstök meðhöndlunarstöð eða móttökustöð er til sem getur sérstaklega tekið við svo menguðum úrgangi sem þarna var um að ræða. Á vef veitna er tekið fram að olíuslys á þessum stað geti verið grafalvarlegt mál fyrir viðkvæmt lífríkið í dalnum og ánum.

Mengunin er talið vera frá gömlum steiptum olíutanki sem rifinn var fyrir um 30 árum. Hinn olíumengaði jarðvegur var í aðeins 15 til 20 metra fjarlægð frá bakka Elliðaána. Á vef Veitna kemur fram að vitað hafi verið að á þessu svæði gæti mögulega fundist mengaður jarðvegur en ekkert í líkingu við það magn sem þarna fannst. Í eldri reglugerð um olíutanka sem grafnir eru í jörðu var ákvæði um 25 ára hámarksaldur. Hægt var að teygja þessi mörk upp í 30 ár undir ákveðnum kringumstæðum. Þessum reglum var breytt árið 2017 og öll aldursmörk felld í burtu en í staðinn gerð krafa um aukið eftirlit með geymunum, ítarlegar kröfur um þykktarmælingar og þrýstiprófanir. Þær framkvæmdir sem Veitur standa nú að eru að hluta í námunda við Toppstöðina í Elliðaárdal. Toppstöðin var reist fyrir 72 árum og tveir olíutankar henni við hlið. Þeir voru fjarlægðir fyrir rúmum þrjátíu árum en olía virðist hafa lekið út í jarðveg frá öðrum þeirra.

FB nemar halda myndlistar- sýningu í Gerðubergi


Myndlistardeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti opnar sýningu á lokaverkum nemenda í Gerðubergi 23. maí og stendur sýningin til 31. maí 2020. Það verður ekki formleg opnun en sýningin verður opin á opnunartíma Gerðubergs. Opnið frá 08.00 til 18.00 á virkum dögum og frá 13.00 til 16.00 um helgar.

Nemendur unnu öll verkin heima, í Covid 19 með aðstoð fjarkennslu. Það reyndi mikið á sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi við vinnslu verkanna og gekk á ýmsu. Þau þurftu að finna úrlausnir á flóknum tæknilegum hlutum svo sem að læra sjálf á ný forrit og vinna leirverk. Margt fór úrskeiðis í vinnuferlinu, en allt hafðist það að lokum. Verkin eru unnin í ýmsa miðla, t.d. vídeó, málverk, ljósmyndun, teikningu og innsetningar. Nemendur eiga heiður

skilið fyrir úthald og hugvitssemi. Frítt inn og allir eru velkomnir.



Verk eftir listnema í FB.



OPNUNARTÍMI HEILSUGÆSLUNNAR Í EFRA-BREIÐHOLTI

Síðdegisvaktin verður framvegis opin milli 16 og 17 alla virka daga. Við beinum því til skjólstæðinga okkar að koma snemma á vaktina en einnig er velkomið að leita á dagvaktina milli klukkan 8 og 16.



OPENING HOURS IN EFRA-BREIÐHOLT PRIMARY HEALTH CLINIC

The afternoon clinic will continue to be open between 4-5 pm only. For the afternoon clinic it is advised to turn up early but appointments for sudden illnesses and minor injuries are also available between 8 am and 4 pm.



Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opnið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Alþingi á að breyta ólögum í réttlát lög

Séra Örn Bárður Jónsson fyrrverandi sóknarprestur í Nessókn flutti prédikun við messu í Breiðholtskirkju á uppstigningardag sem nú er einnig dagur eldri borgara. Hann kom víða við bæði er varðar trú- og þjóðmál. Hann hóf mál sitt á að hafa verið hikandi í fyrstu að prédika við þessa guðspjónustu. Kvaðst kominn á úreltingarlista eins og gamall ryðgaður togari, kominn á eftirlaun. Hann kvaðst ekki hafa prédikað yfir íslenskum söfnuði í fimm ár enda starfað í Noregi þann tíma.

Örn Bárður ræddi um kærleikann og tengdi hann við kveðjustundina í upphafi máls síns. Sagði kærleikann birtast víða. Á rútustöð eða umferðarmiðstöð, í brottfarar- eða komusal flugvallar. Þar megi sjá hvernig kveðjustundir kalla fram bros og tár, sorg og gleði. Þar birtist kærleikurinn ljóslifandi. Hann ræddi því næst um útförina. Sagði hana gríðarlega mikilvæga stund fyrir aðstandendur og samfélagið og kristnin hefur þróað ferli sem virkað hafi vel og lengi. Hann vék að uppstigningardegi. Deginum þegar kristnin minnst þess að nánustu fylgjendur Jesú Krists, kvöddu hann, sáu hann hinsta sinn og veittu honum lotningu. Hann hafði verið með þeim í 40 daga og nærur eftir upprisuna frá dauðum. En nú var hann horfinn en samt ekki. Hann bjó áfram í huga þeirra og hjarta.

Þrjár kirkjuheimsóknir og ein bíóferð

Örn Bárður minntist æskuáranna á Ísafirði. Uppvaxtar á mjög venjulegu heimili þar sem mamma hana söng fyrir vísur og vers fyrir svefninn. Þá hafi börnin verið klædd í spariföt á sunnudögum og auðvitað líka á uppstigningardag. Börnin á Ísafirði hafi gjarnan farið í kirkju þegar barnaguðspjónustur voru haldnar. Einnig staðið í biðröð til að komast á samkomur á Hernum í miðri viku þar sem mikið var spilað og sungið og sýndar kvikmyndir. Hvítasunnnumenn í Salem verið heimsóttir á laugardögum og fengið fræðslu og farið heim með Jesúmyndir sem var safnað. Einnig verið farið í kirkju til séra Sigurðar, föður Agnesar biskups, þegar hann hélt barnaguðspjónustur og hlýtt á Jónas Tómasson, bóksala og tónskáld, leika á orgelið og síðar Ragnar H. Ragna, tónlistarjófur Ísafirðinga. Eftir hádegis hafi svo verið farið í bíó í Alþýðuhúsinu og horft á Roy Rogers og fleiri snillinga. Það gátu því orðið allt að þrjár heimsóknir í kirkju á viku og af og til bíóferð á sunnudegi. Örn Bárður kvaðst vera af 68-kynslóðinni og orðið fyrir áhrifum af tíðarandanum, frelsishugsun bitlaáranna, Woodstock og öllu því villta hljómsveita gallerí sem reið röftum og hugsað lítið um trú og hefðir en svo kom að því að hann hafi gefið trúnni gaum.

Umhyggja og menntun kom með kristninni

Örn Bárður ræddi einnig um þátt kristni í sögu þjóðarinnar. Hvað kristnin hafi fært landsmönnum. Þá kæmi í hugann stafrófið, ritlistin og bókmenntirnar og svo mannskilningurinn sem breyttist þegar kristnin varð ráðandi. Með klaustrunum hafi skipulögð umhyggja fyrir sjúkum og öldruðum orðið til. Með siðbótinni hafi orðið skylt að kenna börnum að lesa og skrifa og loks skólaskylda. Heilbrigðiskerfið

og skólarnir eigi því rætur í hinni kristnu Evrópu.

Bókstafstrú hefur varpað rýrð á boðskap Krists

Hann ræddi einnig um að enn sé til fólk sem afneiti vísindum og þekkingu. Til séu fjölmennar kirkjudeildir t.d. í Bandaríkjunum sem hafi afstöðu bókstafstrúar til Biblíunnar sem sé óheppilegt því bókin sú sé safnrit sem orðið hafi til á löngum tíma og geymir bæði sögulegar heimildir um bæði gott og illt. En einnig mikla og djúpa vísu um manneskjuna og hið stóra samhengi alls sem er. En hana má ekki túlka bókstaflega. Slíkt stenst enga alvöru skoðun mennta og vísinda. Bókstafstrú hefur í mörgum tilfellum varpað rýrð á boðskap Krists og hreinlega leitt fólk á villigötur. Um upplýsingaflóðið sagði Örn Bárður það orðið svo mikið að vandi sé að greina á milli þess sem er rétt og rangt. Unga kynslóðin geti fengið að vita nánast allt með aðstoð snjalltækninnar en búi um leið við það hættuástand að vita eiginlega ekkert vegna þess að það finnur ekki leiðina í gegnum dimman skóginn þar sem sumt er satt og mjög margt logið.

Óréttlætið viðgengt

Örn Bárður sagði ógnir tilverunnar margar og auðvelt að hrasa við hvert fótmál. Óréttur ógni samfélaginu og mörgum sviði óréttlát skipting gæða þessa lands. Nýjasta dæmið sé svonefndur "fyrirframgreiddur arfur" útgerðarmanna nokkurra sem líta á sig sem eigendur alls sem hjá þeim er bókfært og ætla að arfleiða börnin sín að eign þjóðarinnar sem hefur slæðst inn í bókhaldið, syndandi fiskinn í sjónum. Svo illa sé komið fyrir þessari þjóð að hún hafi látið þessa vitleysu ganga í áratugi og þróast í þann óskapnað sem svonefnd gjafakvótakerfi er komið í. Kvótakerfi sé nauðsynlegt til að stjórna fiskveiðum. En að Alþingi skuli ekki hafa stöðvað þessa ósvinnu og látið óréttinn viðgangast, framsalið og eignfærsluna í bókhaldinu um árabíl geri það að verkum að þjóðþingið stendur vart undir nafni sem slíkt og ég hef áður sagt að maður freistast til þess að skipta út bókstafnum ö úr orðinu þjóðþing og setja f í staðinn fyrir ö. Það sé Alþingis að breyta lögum úr ólögum í réttlát lög. Alþingi starfar í umboði þjóðar sinnar en á ekki að vera greiðastofnun útgerðarmanna eða annarra aðila sem maka króinn á kostnað almennings. Alþingismenn mega ekki vera veðsettir upp í hársrætur af sérhagsmunafólki.



Séra Magnús Björn Björnsson sóknarprestur þjónaði fyrir altari. Séra Örn Bárður Jónsson, fyrrverandi sóknarprestur flutti prédikun. Kristín Kristjánsdóttir, djákni í Fella- og Hólakirkju, Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni Biskupsstofu og Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni og framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma lásu ritningarorð. Organisti og stjórnandi tónlistar var Örn Magnússon. Kór Breiðholtskirkju söng.

Laugarnar í Reykjavík

Velkomin aftur

Höldum bilinu

Sýnum hvert öðru tillitssemi og virðum 2 metra fjarlægðarmörkin alls staðar þar sem mögulegt er

Gestir eru á eigin ábyrgð
Við erum öll almannavarnir



Búseti

Byggir 72 íbúðir við Árskóga

Búseti er að byggja tvö fjögurra hæða fjölbýlishús með alls 72 íbúðum við Árskóga 5 og 7 í Breiðholti. Í húsunum verða 26 stúdíóíbúðir, 14 tveggja herbergja íbúðir og 32 þriggja herbergja íbúðir. Allar íbúðirnar eru með sérinngangi af svalagangi og búnar skemmtilegum svölum og afnotareitir fylgja öllum íbúðum á jarðhæð. Í Árskógum 5 og 7 verður að finna stúdíó, tveggja og þriggja herbergja íbúðir.

Burðarvirki húsanna er steinsteypt, útveggir eru einangraðir að utanverðu og klæddir með ljósri og ljósbrúnni klæðningu úr trefjaléttsteypu. Klæðningu sem býr yfir gæðum til þess að standast íslenskt veðurálag. Lyftur eru í húsunum og hindranalaust aðgengi að svölum og sérafnotareitum. Hluta af íbúðunum fylgja bílastæði í sameiginlegum bílakjallara með möguleika á tengingu fyrir rafmagnsbíla. Sameiginleg stæði með tveimur rafhleðslustæðum eru fyrir stúdíó og tveggja herbergja íbúðir og vagna- og hjólageymsla er í kjallara. Bæði húsin deila samkomusal fyrir viðburði og rými fyrir hjólaviðgerðir. Teiknistofan Storð hefur annast hönnun lóðar og einnig skjólgóðan og vistlegan garð við húsin. Við helstu gönguleiðir umhverfis húsin verður snjóbræðsla sem nýtir affall úr ofnakerfum íbúðanna.

Afhending að ári

Kynningarfundur vegna Árskóga verður haldinn haustið 2020 og hefst sala búseturéttta í framhaldi af því. Til að geta sótt um íbúð verður fólk að vera félagsmaður í Búseta. Íbúðir í nýbyggingum Búseta eru auglýstar á föstu verði og félagsnúmer ræður röð umsækjenda. Hægt er að sækja um fleiri en eina íbúð og er þá hægt að raða íbúðum í röð eftir ósk kaupenda. Úthlutun hinna nýju íbúða við Árskóga 5 og 7 fer fram haustið 2020. Efsti umsækjandi á lista þarf að mæta og staðfesta úthlutun sína. Þær íbúðir sem ganga af verða settar á netið undir reglunni "fyrstur kemur - fyrstur fær." Þá er umsókn bindandi og fer beint í ferli þegar hún berst félaginu. Ef tveir eða fleiri sækja um sömu íbúðina, þá gildir tímaröð umsókna. Kaup íbúðarréttar fara þannig fram að ganga þarf frá bráðabirgðasamningi vegna kaupna á búseturétti innan 10 virkra daga frá úthlutun. Við undirritun bráðabirgðasamnings er greitt inn á búseturéttinn kr. 375.000. Kostnaður vegna kaupanna er kr. 140.000. Búseturétturinn er greiddur jafnt og þétt á byggingartíma og greiðsluáætlun sett í samninginn. Áætlað er að afhending íbúðanna fari fram um mitt ár 2021.



Fyrsta skóflustungan tekin við Árskóga 5 til 7.



Húsin séð út lofti þegar steypuvinna stóð yfir á liðnum vetri. Ef vel er að gáð mér sjá skipulag íbúðanna.

Átt þú
bókasafnskort?



Þá ert þú með aðgang
að Rafbókasafninu!

rafbokasafnid.is



Rafbókasafnið

Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og
rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



• EIGNAumsjón www.eignamsjon.is

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is



Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkonnasta
hjólarðaverkstæði landsins.
Tímapantanir á nesdekk.is

Nesdekk Grjóthálsi 10.
Engar tímapantanir.
Þú mætir með bílinn
og ferð í röð.



ATH. Við bendum vinsamlega á að lögreglan er byrjuð að sekta fyrir akstur á negldum dekkjum - 20.000 kr. hvert neglt dekk.



STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI

Nýja verkstæðið að Breiðhöfða 13 er sérhannað fyrir starfsemina, með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita öllum bílum fyrsta flokks hjólarðapjónustu. Þetta glæsilega verkstæði býður m.a. upp á þá nýjung að vera gegnumkeyranlegt fyrir vöruflutningabíla.

SUMARSMIÐJUR 2020

FYRIR 10-12 ÁRA (FÆDD 2007-2009)

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG

Skráning hefst 13 maí kl 10:00 á : sumar.fristund.is

Skráning nauðsynleg alla daga

Mánudagar, þriðjudagar og fimmtudagar kl. 9.30-16 = 1420 krónur

Miðvikudagar kl. 13-16:30 = 720 krónur

Föstudagar kl. 9.30-13:30 = FRÍTT



8.-12. júní

Bakkinn, Hólmasel, Miðberg

DAGS.	HVENÆR	HVAÐ
Mán 8. júní	9:30-16	Mission impossible, leikir & grill.
Þrið. 9.júní	9:30-16	Húsdýra og fjölskyldugarðurinn og pylsur.
Mið. 10.júní	13-16:30	Tie dye (bolir innifaldir)
Fim 11.júní	9:30-16	Fjörufarð og Sjóminnjasafnið.
Fös. 12.júní	9:30-13:30	Bæjarfarð og ís

15.-19. júní

Bakkinn, Hólmasel, Miðberg

DAGS.	HVENÆR	HVAÐ
Mán. 15.júní	9:30-16	Bíó og Pizza Hut
Þri. 16.júní	9:30-16	Hunger Games í Viðey
Fim. 18.júní	9:30-16	Öldusund í Álftaneslaug og leikir (swimming/þlywacki)
Fös 19.júní	9:30-13:30	Frisbíggólf og grillaðir sykurpúðar

22.-26. júní

Bakkinn, Hólmasel, Miðberg

DAGS.	HVENÆR	HVAÐ
Mán. 22.júní	9:30-16	Risafótbolti og keila
Þri. 23.júní	9:30-16	Nauthólsvík og grill (swimming/þlywacki)
Mið. 24.júní	13-16:30	Sápubolti og kubb
Fim. 25.júní	9:30-16	Breiðholtsdraumur og Árbæjarlaug (swimming/þlywacki)
Fös. 26.júní	9:30-13:30	Perluskálar og blindrasmökkun


29. júní – 3. júlí

Bakkinn, Hólmasel, Miðberg

DAGS.	HVENÆR	HVAÐ
Mán. 29. júní	9:30-16	Leikir í Laugardal og Sund í Laugardalslaug (swimming/þlywacki)
Þri. 30. júní	9:30-16	Fótbolta- og minigolf og pizzaveisla í Skemmtigarðinum
Mið. 1. júlí	13-16:30	Minute to win it og grill
Fim. 2.júlí	9:30-16	Flyover Iceland Flughermir og útileikir
Fös. 3.júlí	9:30-13:30	Grill og Leikir í Elliðaádal



NÁNARI UPPLÝSINGAR
WWW.MIDBERG.IS OG WWW.SUMAR.FRISTUND.IS
 FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG SÍMI 411 5750



SUMARSMIÐJUR 2020

FYRIR 10-12 ÁRA (FÆDD 2007-2009)

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG

6. - 10. júlí

Bakkinn, Hólmasel, Miðberg

DAGS.	HVENÆR	HVAÐ
Mán. 6. júlí	9:30-16	Brjóstsykursgerð og sund (swimming/þlywacki)
Þri. 7. júlí	9:30-16	Klifur í Gufunesi
Mið. 8. júlí	13-16:30	Tarzanleikur
Fim. 9. júlí	9:30-16	Íshellir og stjörnuhvelfing í Perlunni
Fös. 10. júlí	9:30-13:30	Árbæjarsafn

13. - 17. júlí

Bakkinn, Hólmasel, Miðberg

DAGS.	HVENÆR	HVAÐ
Mán. 13. júlí	9:30-16	Óvissuferð
Þri. 14. júlí	9:30-16	Lazertag, pizza og stinger
Mið. 15. júlí	13-16:30	Bubblebolti
Fim. 16. júlí	9:30-16	Rush trampólíngarður og just dance
Föst. 17. júlí	9:30-13:30	Pizzabakstur og opið hús

20. - 24. júlí

Bakkinn, Hólmasel, Miðberg

. 20. júlí	9:30-16	Nauthólsvík og Grill
Þri. 21. júlí	9:30-16	Húsdýra og fjölskyldugarðurinn og pylsur
Mið. 22. júlí	13-16:30	Frisbígolf og grillaðir sykurpúðar
Fim. 23. júlí	9:30-16	Sund í Lágafelslaug
Föst. 24. júlí	9:30-13:30	Lokapartý og grillaðar pylsur

FYRIR FORELDRA

Börnin þurfa að taka með sér gott nesti nema annað sé tekið fram og koma klædd eftir veðri.

Vinsamlega athugið að ef hætta á við þátttöku í námskeiði þarf að afskrá með að minnsta kosti viku fyrirvara. Annars verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Tölvupóstur: stefania.lilja.arnardottir@rvkfri.is

Sími: 695-5029



NÁNARI UPPLÝSINGAR

WWW.MIDBERG.IS OG WWW.SUMAR.FRISTUND.IS
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG SÍMI 411 5750

Undirbúningur fyrir frístund kominn á fullt



Yngri börnin njóta sín í frístund.

Veturinn sem nú er á enda var að sönnu viðburðaríkur á frístundaheimilunum í Breiðholti. Að venju voru fjölbreytt og skemmtileg verkefni í boði fyrir börnin. Meðal fastra punkta má nefna Hrekkjavökuhátíð í haustleyfi skólanna í október, foreldrakaffi, Breiðholt got talent, hæfileikakeppnina sívinsælu og leiklistarhátíð. Auk þessa voru ýmis skemmtileg verkefni inni á frístundaheimilunum, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.

Veröld okkar, líkt og annarra, tók stakkaskiptum um miðjan marsmánuð, þegar Covidfaraldurinn reið yfir landið. Við tóku sjö vikur þar sem börnin komu til okkar annan hvern dag, en voru hinn daginn heima. Óhætt er að segja að bæði börn og starfsfólk hafi mætt þessu ástandi af gríðarlegri yfirvegun og æðruleysi og leyst sín verkefni með mikilli þrýði.

Nú, þegar sumarið er handan við hornið, er undirbúningur fyrir sumarfrístund kominn á fullt skrið. Mörg fjölbreytt og skemmtileg sumarnámskeið standa börnunum í Breiðholti til boða. Allar nánari upplýsingar má finna á vefnum fristund.is.

Starfsfólk frístundaheimilanna í Breiðholti þakkar kærlega fyrir veturinn og gengur ánægt og spennt inn í sumarið!

www.breiðholt.is

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
Mjódd



ÁFRAM ÍR

Félagsmiðstöðvarnar

Opið á kvöldin og margt verður í boði



Margt skemmtilegt gerist á leikvöllinum.

Í sumar mun frístundamiðstöðin Miðberg bjóða upp á lífligar sumarsmiðjur fyrir börn fædd árin 2007 til 2009. Þar verður meðal annars farið í Hunger Games leik í Viðey, Rush Trampólíngarð, skoðað íshelli í Perlunni og margt fleira skemmtilegt. Skráning er hafin inni á sumar.fristund.is þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsinga.

Einnig viljum við minna á að félagsmiðstöðvarnar Bakkinn, Hundraðogellefu og Hólmasel verða með kvöldopnanir í sumar fyrir börn fædd 2004-2006. Á mánudögum og miðvikudögum verður opið frá 19:30 til 22:30 en á föstudögum frá 19:30 til 23:00. Þar verður boðið upp á fjölbreytta sumar dagskrá og viljum við hvetja alla unglínga til að nýta sér það.



Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttigabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is



Þegar kemur að vandaðri vinnu

Krakkar læra um rapp

Sumarmiðja fyrir níu til tólf ára í Gerðubergi



Kött Grá Pje er rappari og skáld. Hér hefur hann komið sér fyrir á góðum stað.

Mánudaginn 8. júní til föstudagsins 12. júní verður sumarmiðja í Gerðubergi. Smiðjan er ætluð börnum á aldrinum níu til tólf ára þar sem fjallað verður um rapp og rapptexta.

Í frétt frá Gerðubergi segir að í rappi megi segja hvað sem er. Bara það sem komi í hugann hverju sinni og nákvæmlega eins og manni langar til að segja það. Í þessari smiðju verður hlustað við á rapp, spjallað dálítið um rapp, þátttakendum kennt að finna sína eigin rödd og spreyta sig á

því að semja eigin rapptexta. Kött Grá Pje mun leiða smiðjuna en hann er rappari og skáld, sem hefur gefið út nokkrar bækur. Hann hefur spilað tónlist víða og samið rapp lengur en hann kærir sig um að muna. Hann hefur um árabíl haldið smiðjur fyrir krakka og samið með þeim sögur, ljóð og rapp. Þátttaka er ókeypis en skráning er nauðsynleg. Þetta er ein af fjölmörgu sumarsmiðjum sem Borgarbókasafnið býður upp á fyrir börn og ungmenni í sumar.

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur



Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Sumarstarf
Miðbergs
2020

www.midberg.is

Sumarfrístund í
Álfheimum,
Bakkaseli,
Hraunheimum,
Regnboganum,
Vinaheimum og
Vinaseli. Fjölbreytt
þematengt starf fyrir
börn fædd 2013-2010

Miðberg
Summer
activities
2020

www.midberg.is

Summer activities in
Álfheimar, Bakkasel,
Hraunheimar,
Regnboginn,
Vinaheimar and
Vinasel for children
born 2010-2013.
Different program
each week.

Félagsmiðstöðin
Hellirinn býður upp á
vikunámskeið fyrir
fötluð börn og unglunga
fædd 2004-2009



Hellirinn youth center
offers summer
programs for disabled
children born
2004-2009



Félagsmiðstöðvarnar
Hundrað&ellefu,
Hólmasel og Bakkinn
bjóða upp á lifandi
sumarsmiðjur fyrir
10-12 ára börn fædd
2009-2007 og
kvöldopnanir fyrir
unglinga.

Allar nánari
upplýsingar um
námskeiðin,
skráningu,
gjaldskrá o.fl. er
að finna á
www.fristund.is

Youth centers
Hundrað&ellefu,
Hólmasel and Bakkinn
offer fun summer
activities for children
born 2007-2009 and
evening openings for
teenagers.

All further
information can
be found here:
www.fristund.is

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Börn og unglingar til fyrirmyndar í Breiðholti

Á því sérstaka tímabili sem Covid19 faraldurinn og samkomubannið hafa staðið yfir hafa starfsmenn félagsmiðstöðva, foreldrarölt, lögreglan og starfsfólk þjónustumiðstöðvar Breiðholts fylgst sérstaklega með hegðun og framgöngu barna og unglunga í hverfinu. Á vikulegum fundum með fulltrúum annarra hverfa borgarinnar höfum við getað sagt frá fyrirmyndarhegðun barna og unglunga í Breiðholti þar sem hópmyndun og óæskileg hegðun hefur verið í lágmarki.



Þráinn Hafsteinsson.

Með hækkandi sól, betra veðri og tilslökunum á samkomubanni fjölgaði auðvitað sem betur fer börnum og unglingum að leika sér á uppbyggilegan hátt á skólalóðum og á íþróttasvæðum. Aðsókn á íþróttæfingar og félagsmiðstöðvar hefur verið mjög mikil eftir að opnað var að nýju og fréttir af skólastarfi eru á þann veg að vel gangi. Auðvitað eru undantekningar á góðu fréttunum en á heildina litið hafa börn, unglingar og foreldrar í Breiðholti staðið sig mjög vel við mjög sérstakar aðstæður sem hefðu allt eins getað kallað fram neikvæða hegðun. Af viðtölum við börn og unglunga við ýmis tækifæri í samkomubanninu má ráða að þau hafi saknað þess að hitta félagasína, kennara, þjálfara eða leiðbeinendur í skólanum eða íþrótt- og frístundastarfinu. Eftir einangrun af því tagi sem allir landsmenn reyndu á eigin skinni í samkomubanninu metum við kannski betur og meira gildi þess að hafa félagsskap af öðrum. Metum hugsanlega betur þýðingu þess að foreldrar og börn verji gæða tíma saman og gildi þess að virða reglur og mörk öllum til heilla. Í baráttunni við Covid19 faraldurinn sýndu Íslendingar hve miklum árangri er hægt að ná ef faglegar leiðbeiningum er fylgt og hver og einn leggur sitt að mörkum. Höldum áfram að vinna saman og til hamingju með okkar frábæru börn og unglunga í Breiðholti.

Þráinn Hafsteinsson
Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs
Þjónustumiðstöð Breiðholts



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Knattspyrnuskóli Leiknis

Knattspyrnuskóli Leiknis og Dominos verður starfræktur í sumar. Skólinn er fyrir stráka og stelpur á aldrinum fimm til tólf ára. Farið verður í grunnþætti knattspyrnunnar í bland við leiki, skemmtun og fjör. Fastir liðir eins og fóttagolf, HM-keppni, maður námskeiðsins, sundferðir og skemmtiferðir verða á sínum stað. Í lok hvers námskeiðs er Domino's pizzaveisla og verðlaunaafhending. Leikmenn meistaraflokks og fleiri fótballstjórnur munu mæta og heilsa upp á krakkana.



Hvert námskeið stendur í tvær vikur, alla virka morgna frá 9.00-12.00. Boðið er upp á gæslu frá 08.00-09.00 án endurgjalds. Námskeiðin fara fram á íþróttasvæði Leiknis. Námskeiðin í sumar eru sem hér segir: Námskeið 1: 8. júní - 19. júní. Námskeið 2: 22. júní - 3. júlí. Námskeið 3: 6. júlí - 17. júlí. Námskeið 4: 20. júlí - 30. júlí. Námskeið 5: 4. ágúst - 14. ágúst.

Skráning fer fram á fyrsta degi hvers námskeiðs á Leiknisvelli eða á netfanginu gjaldkeri@leiknir.com. Nánari upplýsingar gefur Hlynur Helgi í síma 856-4934 eða á skrifstofu s. 557-8050. Þátttökugjald er aðeins 10.000 kr. fyrir heilt námskeið. Hægt er að skrá á staka viku en stök vika kostar 6.000 kr. og ganga skal frá greiðslu við upphaf hvers námskeiðs. Veittur er 25% systkinaafsláttur.

www.leiknir.com

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin

Knattspyrnudeild ÍR

Semur við 22 kvennaleikmenn



Kvinnalið ÍR á þessu ári.

Nú á dögunum gerði stjórn knattspyrnudeilda ÍR sér lítið fyrir og samdi við 22 leikmenn meistaraflokks kvenna á einu bretti. Ásamt því var samningur undirritaður við Ásgeir Þór Eiríksson um áframhaldandi störf sem aðstoðarþjálfari liðsins. Að sögn Magnúsar Þórs formanns knattspyrnudeilda var þarna um að ræða innanfélagsmet í samningagerð á einum degi.

Ljóst er að mikill hugur er í ÍR-ingum fyrir kvennastarfinu í sumar og ánægjulegt að sjá jafn stóran og flottan hóp leikmanna sem eru klárar í slaginn. ÍRingar leika í 2. deild í sumar eftir fall úr 1. deildinni í fyrra. Það verður því spennandi að fylgjast með gengi liðsins og þessum nýju leikmönnum sem mæta til leiks í byrjun júnímánaðar.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ÍR-ingar komnir í sumargír



Ásgeir Þór Eiríksson þjálfari og Magnús Þór Jónsson formaður knattspyrnudeilda ÍR.

Nú þegar sumarið færast nær starf ÍR nokkrum breytingum en þá bætast sumarnámskeið barna við dagskrá félagsins. Í ár verður knattspyrnskólinn á sínum stað sem fyrr og verður leikjanámskeið félagsins „Sumargaman ÍR“ einnig í boði. Þar að auki mun körfuknattleiksdeildin bjóða upp á sérstakar sumaræfingar í júní og ágúst. Ljóst er að mikið fjór verður í herbúðum félagsins næstu mánuði.

„Við erum mjög spennt fyrir því að fá krakkana til okkar í sumar. Það hefur alltaf gengið vel á námskeiðunum hjá okkur og þetta hefur gefið félaginu fjölbreyttan og lífligan blæ yfir sumarmánuðina.“ segir Ísleifur Gissurarson, íþróttastjóri ÍR. Hann bætir einnig við að námskeiðin í ár verði að öllum líkindum vel sótt: „Við finnum fyrir því að samkomubannið hefur haft þau áhrif á alla að það er löngun fyrir sumrinu sem aldrei fyrr. Þjálfarar, leiðbeinendur, foreldrar og ekki síst iðkendur geta hreinlega ekki beiðið eftir að komast út í sumarið og við í ÍR munum svo sannarlega verða við þeim óskum.“

Vellirnir farnir að grænka

Verkefni starfsmanna breytast einnig þegar nær dregur sumri en nú þegar eru grasvellir félagsins farnir að grænka og frikka. „Vorverkin eru hafin og Kiddi vallaarstjóri stýrir þeim með glæsibrag. Hér er verið að undirbúa svæðið og setja það í stand fyrir sumarið. Ég er persónulega spenntastur fyrir því að finna lyktina af nýslegnu grasinu úti á velli.“

Framkvæmdir hjá ÍR hafa einnig sett sinn svip á starfseminu en senn líður að því að nýtt fjölnota íþróttahús ÍR verði opnað. „Við reiknum með að húsið verði klárað í sumar og að það verði tekið í notkun frá og með haustönninni. Það verður eitthvað húllumhæ þegar við fáum lyklana afhenda og aldrei að vita nema Kiddi vallaarstjóri grilli pylsur ofan í gangandi vegfarendur þann dag,“ segir Ísleifur léttur í bragði.



Senn líður að því að nýtt fjölnota íþróttahús ÍR verði opnað.



GETRAUNANÚMER ÍR

109






Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



Aukin þjónusta við eldri borgara

 Við bjóðum eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í **sérstakt símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

Góð þjónusta breytir öllu

